



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Alþingi  
Erindi nr. P 138/3119  
komudagur 14.9.2010

Reykjavík 14. september 2010

Tilvísun: 2010090055

50.03

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og breytingu á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (kyrrsetning eigna). Þingskjal 1456 – mál 693.**

Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að kyrrsetja eignir gjaldanda og annarra sem grunur leikur á að gerst hafi sekir um refsiverða háttsemi samkvæmt 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, 40. gr. virðisaukaskattslaga og 19. gr. laga um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum. Af hálfu efnahags- og skattanefndar er sérstaklega óskað eftir álitum ríkislögreglustjóra á því hvort eðlilegt sé að bera uppi kröfu um kyrrsetningu til tryggingar greiðslu fésekta og sakarkostnaðar.

Verði frumvarpið að lögum má ætla að framkvæmd laganna verði svipuð og nú er hvað varðar sambærilegt ákvæði í 88. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sbr. áður 85. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Helst hefur verið krafist kyrrsetningar á grundvelli ákvæðisins þegar ætla má að krafa verði gerð um upptöku á ólögnum ávinningi af broti og er þá jafnframt krafist kyrrsetningar til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og eftir atvikum fésekta. Hafa þarf í huga að í mörgum tilvikum er verið að fara fram á kyrrsetningu á öllum eignum sakbornings og því er eðlilegt með hliðsjón af meðalhófsreglum að fjármunir renni fyrst upp í greiðslu sakarkostnaðar áður en þeir eru gerðir upptækir í ríkissjóð.

Bæði sakarkostnaður og fésektir kunna að nema háum fjárhæðum. Sjái gjaldandi fram á að niðurstaðan geti orðið háar fésektir má ætla að algengt verði að uppfyllt séu skilyrði ákvæðisins um að hætta þyki á því að eignum verði skotið undan. Einnig kann að vera fyrir hendi hætta á að eignir glatist eða rýrni að mun þar sem málsmeðferðartími þessara mála hefur almennt verið langur. Í ljósi þessa er það mat ríkislögreglustjóra að full ástæða sé til að hafa heimild til kyrrsetningar til tryggingar greiðslu fésekta og sakarkostnaðar í skattalögum eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Af hálfu ríkislögreglustjóra eru að öðru leyti ekki gerðar athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

F.h. RLS

Srgr. Elsa Kjartansd.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir, saksóknari í efnahagsbrotadeild

